

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á skipulagsskilmálum deiliskipulags Áslands 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt breyting á skilmálum á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2024. Breytingin felst í leiðréttingu á húsnúmerum í skilmálum fyrir raðhús á tveimur hæðum að gerðinni R2.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Skilmálabreytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. janúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. janúar 2024